

Garðabær
B.t. Arinbjarnar Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 22. maí 2020
UST202004-261/I.M.B.
10.04.00

Efni: Umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnshrauni

Vísað er til erindis skipulagsnefndar Garðabæjar, dagsett 20. apríl 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnsdölum og í fyrirhuguðum fólkvangi í Urriðakotshrauni.

Urriðakot er hverfisverndað skv. aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og samkvæmt aðalskipulagi er það stefna Garðabæjar að svæðið verði friðlýst sem fólkvangur. Í janúar 2019 óskaði Garðabær eftir því við Umhverfisstofnun að svæðið yrði friðlýst sem fólkvangur. Vinnsla málsins hófst í kjölfarið að hefur verið settur samstarfshópur sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Garðabæjar, Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa sem er landeigandi, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Minjastofnunar Íslands. Þar sem útfærsla hönnunar golfbrauta innan fyrirhugaðs fólkvangs lá ekki fyrir óskaði Umhverfisstofnun eftir henni við Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa svo unnt sé að áhrifameta fyrirhugaða uppbyggingu innan svæðisins og hvort slík uppbygging geti samræmst markmiðum með friðlýsingu fólkvangs.

Lýsing framkvæmdar

Fyrirhugð framkvæmd snýr að stækkun Urriðavallar um níu holur, þ.e. úr 18 holum í 27 holur, þar af verði fimm brautir innan afmarkaðs svæðis Urriðakotshrauns. Af brautunum fimm verða þrjár í flata í hrauninu og tvær syðst á svæði sem þegar hefur verið raskað með línuvegi og raflínunum sem ganga þvert í gegnum það. Heildarflatarmál sk. þróunarsvæðisins (athafnasvæðis) í Flatahrauni er um 16,5 ha en flatarmál uppbyggðra og viðhaldinna golfbrauta yrði þar af að hámarki um 7,6 ha sem gera 46% af flatarmáli þróunarsvæðisins í Flatahrauni. Ekki er gert ráð fyrir raski á öröskuðu hrauni.

Golfbrautir yrðu lagðar í einfaldri röð í flatanum framhjá og umhverfis hraunmyndanir sem lögð er áhersla á að vernda en styðja um leið við landslagið um brautirnar. Með því fyrirkomulagi skapast einnig rými fyrir nýjan útivistarstig samhliða golfbrautunum. Auk golfbrautanna í Urriðakotshrauni er gert er ráð fyrir fjórum nýjum golfbrautum í dalverpinu sunnan við núverandi golfvöll. Sá hluti fellur innan núverandi íþróttasvæðis. Þessar brautir munu tengjast þeim golfbrautum sem yrðu lagðar um núverandi línuveg. Gert er ráð fyrir fjórum þverunum milli núverandi Urriðavallar og nýrra golfbrauta innan s.k. þróunarsvæðis golfbrauta í Urriðakotshrauni, til að tengja saman nýjar og eldri golfbrautir og útivistarstíga. Þar af yrðu tvær nýjar þveranir:

- A. Ný þverun við norðurenda núverandi golfvallar.
- B. Ný þverun við norðurenda hrauntraðarinnar.



UMHVERFIS STOFNUN

C. Lagfæringar á núverandi þverun sem liggur næst teigum á golfbrautum nr. 9 og 18. Gert er ráð fyrir að breikka og malbika þverunina til að auðvelda umferð þjónustutækja og golfbíla.

D. Þverun um núverandi línuveg. Ekki er þörf á miklum breytingum á línuveginum, öðrum en almennum frágangi og fegrun.

Skýringarmyndir, kort og lýsing á fyrirkomulagi framkvæmda eru í skýrslu Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum.

Markmið framkvæmdanna er að Urriðavatnsdalir verði aðlaðandi útivistarsvæði, með öflugum stígakerfi og aðstöðu til golfiðkunar á heimsmaðlikvarða, samhliða vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags. Markmiðið er að styrkja rekstrargrundvöll golfvallarins og golfskálans sem veitingastaðar.

Áhrifamat Umhverfisstofnunar

Stækkun golfvallar í Urriðakotshrauni er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fagurfræðilegt gildi landslags sem er þar að finna, þó það sé á svæði þar sem jarðmyndunum hefur nú þegar verið raskað. Til að draga úr neikvæðum áhrifum golfbrauta þurfa þær að vera eins litlar og hægt er og ekki vera alveg upp í hrauninu. Það er mikilvægt að um það bil 3-4 metrar óslegins/náttúrlegs svæðis skilji á milli golfbrauta og hrauns. Svæðið þar sem fyrirhuguð stækkun er staðsett er í dag nýtt til ýmiss konar útivistar, s.s. af göngufólki, skokkurum og fjölskyldum og það er mikilvægt að tryggja að unnt verði að njóta áfram náttúrufegurðarinnar sem er að finna þarna. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að göngustígar fyrir útivistarfólk verði áfram til staðar. Til að tryggja að Urriðakotshraun haldi sínu náttúrulega svæði, er mikilvægt að golfbrautum fjölgi ekki meira en um þessar níu brautir sem tillögurnar ná til.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Samkvæmt 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skál verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúraskoðunar og fræðslu. Urriðakotshraun fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd og forðast ber að raska jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun telur að sú tillaga að uppbyggingu golfvallar sem hér um ræðir í Urriðakotshrauni bendi til óverulegrar röskunar á hrauninu og geti fallið undir starfsemi fólkvangs sé þess gætt að aðgengi almennings um svæðið sé ekki skert og að hrauninu verði sem minnst raskað.

Virðingarfyllt

Ingibjörg M. Bjarnadóttir

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir,
sérfræðingur

René Biasone

René Biasone,
sérfræðingur